

Skólaráðsfundur

15. janúar 2026 kl. 8:15

Mættir: Hilmar Egill Sveinbjörnsson skólastjóri, Kristín Hulda Halldórsdóttir og Jóhanna Lovísa Jóhannsdóttir fulltrúar kennara, Kristín Eva Harðardóttir og Katrín Huld Káradóttir fulltrúar foreldra, Særun Jónsdóttir fulltrúi grenndarsamfélags, Emelía Ósk Ragnarsdóttir og Sigurrós Eva Sverrisdóttir fulltrúar nemenda.

1. Heimanámsstærfa

Farið yfir heimanámsstefnu skólans sem hefur verið með óbreyttu sniði í nokkur ár. Stefnan á að tryggja heildstæða samfellu í heimanámi, þvert á námsgreinir. Heimanámsstefna er aðgengileg á heimasíðu skólans. Rætt um að skráningar á lestri fari einungis fram á skóladögum.

2. Skólareglur

Farið yfir skólareglur og mikilvægi þess að sem flestir komi að smíði þeirra, líka nemendur. Skólareglurnar eru í sífelldri endurskoðun eins og gefur að skilja.

3. Nemendalýðræði

Rætt um lýðræðislegri þátttöku nemanda í mörgum málaflokkum. Nemendur geta sjálfir óskað eftir aðkomu að málum og þá í gegnum t.d. skólaping. Þátttaka nemenda í allri skipulagningu og uppbyggingu er mikilvæg. Foreldrafélagið á einnig að hafa aðgengi að mörgum málefnum og láta rödd sína heyrast.

4. Staðan í skólanum

Farið yfir stöðu skólans í stækkandi samfélagi. Nemendafjöldi þokast hægt og rólega uppá við. Í dag eru 214 nemendur skráðir við skólann. Húsnæðismál, stækkun skóla og breytingar eru í nefnd.

5. Önnur mál

- Sumarnámskeið – Rætt um sumarnámskeið fyrir börn.
- Skákkennsla – rætt um mikilvægi skákkennslu og hvort hægt sé að virkja eldri borgara til að koma og tefla við nemendur.
- Umferðaröryggismál – enn og aftur eru umræður um áhyggjur af gatnamótum Vogagerðis/Tjarnargötu/Ægisgötu gagnvart börnum á leið í skólann á morgnana. Gangbrautir, gangbrautarlýsing, sýnileiki o.fl. Sömu leiðis rætt um of hraða og þunga umferð víða í Vogunum og þá sérstaklega um Stapaveg.

Fundi slitið kl. 9:20

Fundarstjórn og fundarritun: Hilmar Egill